

Fundargerð – Stjórn Eyglóar ehf.

Fimmtudaginn 13. febrúar 2025 kl. 10:30

Fundinn sátu: Hildur Sólveig Sigurðardóttir varaformaður, Páll Magnússon og Njáll Ragnarsson stjórnarformaður sem jafnframt ritar fundargerð. Gestur fundarins var Heiðar Ásberg Atlason lögmaður.

Dagskrá:

1. Staða mála hjá Samkeppniseftirlitinu varðandi sölu eigna félagsins til Mílu

Undanfarna daga hefur stjórnarformaður átt samskipti við forsvarsmenn Mílu hf. sem og Heiðar Atlason lögmann VM bæjar varðandi stöðu mála í söluferli ljósleiðarakerfis Eyglóar til Mílu.

Samrunatilkynning var send Samkeppniseftirlitinu (SKE) þann 8. nóvember 2024 og síðar var uppfærð tilkynning var svo send þann 23. desember 2024 vegna kaupa Mílu á fjarskiptainnviðum Eyglóar. Með bréfi dagsett 30. janúar 2025 tilkynnti SKE Mílu og Eygló að það teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans. Samhliða þessari tilkynningu sendi SKE Mílu jafnframt viðamikla upplýsinga- og gagnabeiðni.

Míla og Eygló hafa farið yfir stöðu málsins en ljóst er að samruninn hefur mætt mikilli mótspyrnu í umsögnum sem bárust, sérstaklega í umsögnum Ljósleiðarans og Fjarskiptastofu. Er það mat stjórnar Eyglóar að margt í innsendum umsögnum standist ekki skoðun en að fyrirséð sé að fram undan sé tímafrek og ítarleg samrunarannsókn verði haldið áfram með málið gagnvart SKE.

Fyrir liggur að brýn þörf er á að halda áfram uppbyggingu á fjarskiptainnviðum í Vestmannaeyjum til að tryggja öllum íbúum aðgang að háhraðatengingum. Haldi samrunamálið áfram næstu mánuði í óvissu um hver endanleg niðurstaða samkeppnisyfirvalda verður, er ljóst að tafir munu verða á frekari uppbyggingu háhraðatenginga í Vestmannaeyjum.

Niðurstaða:

Stjórn Eyglóar telur að ekki séu forsendur til að halda málsmeðferð áfram í því samrunamáli sem SKE hefur nú til meðferðar og samþykkir að leggja til við bæjarráð að falla frá umræddum viðskiptum og afturkalla samrunaskrána í samráði við Mílu hf.

Auk þess samþykkir stjórn að koma á framfæri við SKE athugasemdum félagsins hvað varðar umsagnir Ljósleiðarans sem og Fjarskiptastofu. Er stjórnarformanni falið að taka saman athugasemdir í samráði við lögmann félagsins og skila til SKE.

Fleira var ekki rætt og fundi var slitið kl. 10:45.